70
24. apríl

LÖG

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 39. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. málsgr. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Landssambandi iðnaðarmanna, Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda til þriggja ára í senn. Nefnir hvert nefndra samtaka sex menn og jafnmarga til vara. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

2. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. **Jörundur Brynjólfsson.** **Árni Tryggvason.**
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.